Kópavogsbær

Velferðar- og mannréttindaráð Kópavogsbæjar
Bt. Björg Baldursdóttir, formaður

12.08.2026

Efni: Drög að breytingum á reglum um akstursþjónustu fyrir eldra fólk í Kópavogi

Akstursþjónusta fyrir eldra fólk er ekki lögbundin þjónusta en flest sveitarfélög kjósa að bjóða uppá akstursþjónustu fyrir þennan hóp fólks. Reglur Kópavogsbæjar voru síðast uppfærðar í desember 2020. Meðfylgjandi drög fela í sér breytingar sem annars vegar miða að því að skýra gildandi reglur og stuðla að samræmdri málsmeðferð og hins vegar að endurskoða ákveðin efnisatriði í ljósi reynslu undanfarinna ára og þeirra álitaefna sem komið hafa upp við afgreiðslu umsókna.

Skilyrði fyrir þjónustunni (1. gr.)

Í fyrstu grein reglnanna er orðalagi breytt og skerpt á því fyrir hverja þjónustan er ætluð, eldra fólk sem er með lögheimili í Kópavogi, búa sjálfstætt en ekki á stofnun og geta ekki nýtt eigið farartæki eða almenningssamgöngur. Í eldri reglum er kveðið á um að umsækjendur hafi ekki aðgang að eigin farartæki en í einhverjum tilvikum, t.d. hjá hjónum, er til farartæki á heimilinu en annar aðilinn getur ekki nýtt það vegna öldrunartengdra skerðinga. Þá er bætt við að fólk með staðfesta lögblindu geti fengið akstursþjónustu út frá samningi við Blindrafélagið. Málsgrein um að fatlað fólk sem nær 67 ára aldri eigi áfram rétt á akstursþjónustu fatlaðs fólks er felld úr reglunum og færð í reglur um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk. Lagt er til að ákvæði um að í undantekningartilvikum sé veitt akstursþjónusta þegar um tímabundna hreyfihömlun sé að ræða, óháð aldri sé fellt á brott eða þrengt verulega. Eitthvað hefur borist af umsóknum þar sem fólk, bæði eldra og yngra en 67 ára, sæki um akstursþjónustu vegna aðgerða líkt og liðskipta. Önnur sveitarfélög, t.d. Reykjavíkurborg og Akureyri, hafa í sínum reglum tekið fyrir að veita akstursþjónustu vegna tímabundinnar hreyfihömlunar nema til þeirra sem hafa einungis greiðslur frá Tryggingastofnun Ríkisins og eru félagslega einangraðir.

Fjöldi ferða og gjaldtaka (2. – 3. gr.)

Í greinum tvö og þrjú er fjallað um hámarksfjölda ferða og gjaldtöku. Samkvæmt gildandi reglum er hámarksfjöldi ferða 16 ferðir á mánuði og heimilt að veita tímabundið fleiri ferðir vegna sérstakra aðstæðna sem tilteknar eru í reglunum. Í núgildandi gjaldskrá kosta fyrstu 16 ferðirnar notanda þjónustunnar 673,- kr., stök ferð umfram 16 ferðir kostar 1.346,- kr., gjald vegna samdægursferða nemur kr. 1000,- kr. aukalega fyrir hverja ferð. Miðað við þjónustusamning bæjarins við akstursaðila í dag, er raunkostnaður hverrar ferðar 3.937,- kr. ef ferð er innan Kópavogs eða annar endi hennar í Kópavogi. Taka þarf afstöðu til þess hvort að þessar greinar standi óbreyttar eða hvort breyta eigi fjölda ferða og/eða gjaldtöku í takt við önnur sveitarfélög.

Við endurskoðun reglnanna eru lagðar fram tvær sviðsmyndir til skoðunar:

Sviðsmynd 1

Fjöldi ferða verður óbreyttur, 16 ferðir í mánuði og undanþágа fyrir fleiri ferðum verður ótímabundin. Gjald fyrir hverja ferð miðast við tekjuviðmið sem bærinn ákveður þar sem einstaklingar/hjón sem eru undir tekjuviðmiðum greiða samkvæmt gjaldskrá fullt strætógjald en einstaklingar/hjón sem eru

Skjal sótt af '0000000000' dags: 04.11.2026

yfir tekjuviðmiðum greiða tvöfalt strætógjald. Gjaldið er óháð því hvort búið sé að fara yfir 16 ferðir í mánuði eða ekki. Hafnarfjörður útfærir sína akstursþjónustu fyrir eldra fólk með þessum hætti.

Sviðsmynd 2

Fjöldi ferða verður hækkaður, til dæmis í 30 ferðir á mánuði. Gjaldið verður eitt fyrir allar ferðir skv. gjaldskrá (er 1.690,- kr. í Reykjavík) en hægt er að sækja um lækkun á greiðslu fyrir fólk sem er undir eða við tekjuviðmið Tryggingastofnunar Ríkisins og greiðir þá viðkomandi gjald sem samsvarar almennu fargjaldi gjaldskrá Strætó. Reykjavíkurborg útfærir sína akstursþjónustu fyrir eldra fólk með þessum hætti.

Ef ákveðið verður að halda hámarksferðum 16 með undanþágu fyrir fleiri ferðum þá þarf að taka afstöðu til þess hvort tiltaka ætti að akstur í skipulagt félagsstarf aldraða sé einungis innan Kópavogs og hvort hafa ætti hámarks fjölda ferða á undanþáguferðum.

Umsóknir og framkvæmd þjónustunnar (4. – 6. gr.)

Í greinum fjögur og fimm er einungis um orðalagsbreytingar að ræða.

Í grein sex eru orðalagsbreytingar auk þess sem tekin var út málsgreinin um atvikaskráningu þar sem kveðið er á um slíka skráningu og eftirfylgni í þjónustusamningi við akstursaðila. Um er að ræða flutning á ákvæði en ekki breytingu á framkvæmd.

Akstur til og frá stofnunum (7. gr.)

Í sjöundu greininni er fjallað um akstur fyrir eldra fólk til og frá stofnunum. Samkvæmt gildandi reglum er kveðið á um að þjónustan sé ætluð þeim sem búa á eigin heimili en heimilt sé að veita undanþágu í rökstuddum tilvikum til að sinna einkaerindum eða til að fyrirbyggja félagslega einangrun. Jafnframt er vísað til 14.gr. laga um málefni aldraða, þar sem kveðið er á um að hjúkrunarheimilum beri að tryggja íbúum sínum hjúkrunarþjónustu, læknisþjónustu og endurhæfingu. Reynslan hefur sýnt að þessi undanþágugrein er ekki nógu skýr og hefur það leitt til álitaefna við afgreiðslu umsókna og áfrýjunarmála. Því er lagt til að tekin verði afstaða til þess hvort undanþáguákvæðið verði fellt brott eða skýrt nánar í reglunum.

Sviðsmynd 1

Fjarlægja alveg undanþáguákvæðið. Öllum umsóknum fólks sem býr á stofnunum verður synjað en ef fólk kýs getur það áfrýjað niðurstöðunni til velferðar- og mannréttindaráðs sem ákveður hvort ástæða sé til að veita undanþágu frá reglum.

Sviðsmynd 2

Halda undanþáguákvæði áfram inni í reglunum og skýra betur í hvaða tilfellum afgreiðslufundur má veita undanþáguna, t.d. aðeins í tilfellum þar sem umsækjandi notar stóran hjólastól og fjárhagsleg staða er slík að viðkomandi hefur ekki tök á því að borga hjólastólaleigubíl.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 04.11.2026

Aðrar breytingar og viðbætur (8. gr. og áfram)

Í áttundu grein er felld á brott málsgrein um akstur í dagsvist fyrir utan Kópavog en ekki er talin þörf til að tilgreina þetta sérstaklega í reglum.

Níunda greinin var tekin út, búið er að fjalla um það ofar í þessu minnisblaði út frá breytingum á 1. gr. reglnanna.

Greinar níu til tuttugu eru nýjar inn í reglurnar en eru í samræmi við aðrar reglur Kópavogsbæjar um endurskoðunarákvæði, leiðbeiningaskyldu, áfrýjun og persónuvernd.

Lagt er til að drögum að breyttum reglum um akstursþjónustu eldra fólks verði vísað til umsagnar í öldungaráði.

Virðingarfyllst
Anna Guðrún Halldórsdóttir
Teymisstjóri ráðgjafarteymis fullorðinna

Skjal sótt af '0000000000' dags: 04.11 2026